



ÁRSSKÝRSLA ÍDRÓTTAFÉLAGSINS VESTRA 2025





EFNISYFIRLIT

ÁVARP FORMANNS	3
HJÓLREIÐADEILD	10
KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	14
KNATTSPYRNUDEILD	20
BLAKDEILD	28
GILDI OG STEFNUR	33
ÁRSREIKNINGUR	41

Ársskýrsla aðalstjórnar fyrir árið 2025

KÆRA VESTRAFÓLK

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 28. apríl 2025. Á þeim fundi urðu þær breytingar á stjórn að Heiðrún Tryggvadóttir fór úr stjórn og var Þorsteinn Másson kjörinn í hennar stað. Aðrir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram og engin önnur framboð bárust. Aðalstjórn fundaði tvisvar á árinu auk þess sem haldnir voru tveir formannafundur. Þar fyrir utan eru samskipti á Facebook-síðu aðalstjórnar þar sem ýmis tilfallandi mál eru tekin fyrir. Á Facebook er einnig síðan Vestri-Samráðsvettvangur sem stjórnar- og trúnaðarmenn deilda félagsins hafa aðgang að. Þar eru sett inn erindi sem berast frá Ísafjarðarbæ, HSV, ÍSÍ, UMFÍ og fleiri aðilum. Aðalstjórn átti fulltrúa á samráðsfundum íþróttahreyfingarinnar og Ísafjarðarbæjar og formannafundum HSV. Vestri átti níu þingfulltrúa á héraðsþingi HSV og mættu allir fulltrúar á þingið sem haldið var á Suðureyri 22. maí 2025.

Óformlegir fundir með ýmsum aðilum voru allnokkrir og má þar sérstaklega nefna Frú Höllu Tómasdóttur, forseta Íslands, sem heimsótti knattspyrnudeild Vestra á Kerecisvöllinn 6. september til að óska félaginu til hamingju með glæsilegan og sögulegan árangur í bikarkeppni KSÍ. Var forsetanum afhent árituð keppnistreyja félagsins sem hún bar síðan megnið af deginum, m.a. þegar hún setti stórsýninguna Gullkistan Vestfirðir í íþróttahúsinu á Torfnesi.

Í tilefni þess að íþróttafélagið Vestri fagnaði 10 ára afmæli 16. janúar var haldinn sérstakur afmælisfundur aðalstjórnar með stjórnnum deilda félagsins. Á fundinum var Hjalti Karlsson útnefndur heiðurfélagi Vestra en Hjalti var fyrsti formaður félagsins og leiddi starfshóp sem undirbjó stofnun þess. Hjalti hefur alla tíð verið öflugur liðsmaður íþróttahreyfingarinnar á svæðinu og var einstaklega ánægjulegt að fá tækifæri til að heiðra hann á þessum tímamótum í sögu félagsins.



STARFSEMI FÉLAGSINS

Öflug og metnaðarfull starfsemi hefur verið hjá öllum deildum félagsins og árangur eftir því í keppnum á landsvísu. Vestri átti iðkendur í yngri landsliðum og úrtakshópum, sem er alltaf góður mælikvarði á gæði þess starfs sem deildirnar bjóða upp á. Það eru líka ákveðin gæði að vera með meistaraflokka karla og kvenna í öllum boltaíþróttum innan félagsins. Óháð því hvernig gengur þá hafa meistaraflokkar, á svo margvíslegan hátt, mikilvægu hlutverki að gegna í uppeldi yngri iðkenda. Nokkrir bikarmeistararitlar skiluðu sér í hús og má þar fyrst nefna hjólreiðafólkið Ísar Loga Ágústsson og Söru Matthildi Ívarsdóttur sem urðu bikarmeistarar í sínum aldursflokkum, U20 karla í blaki landaði bikarmeistaratitli og síðast en



ekki síst þá náði meistaraflokkur karla í knattspyrnu þeim sögulega árangri að hampa bikarmeistaratitli eftir sigur á Val í úrslitum Mjólkurbikarsins á Laugardalsvelli. Með sigrinum tryggði liðið sér þátttökurétt í forkeppni Evrópudeildarinnar á komandi tímabili.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2025 kom frá Vestra, knattspyrnumaðurinn Fatai Gbadamosi sem gegndi lykilhlutverki í liði Vestra á síðasta keppnistímabili þegar það varð bikarmeistari. Efnilegustu íþróttamenn ársins voru valin þau Haukur Fjölisson hjá körfuknattleiksdeild Vestra og Freyja Rún Atladóttir hjá knattspyrnudeild Vestra.

Þau ánægjulegu tíðindi urðu fyrr á þessu ári að sunddeildin var endurvakin eftir áralangan dvala. Búið er að halda aðalfund og skipa nýja stjórn fyrir deildina sem í sitja Páll Janus Þórðarson formaður, Svala Sif Sigurgeirsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir. Varamenn eru Sif Huld Albertsdóttir og Birgir Þór Halldórsson. Byrjað verður með æfingar fyrir yngstu aldurshópana og stefnan að bjóða upp á æfingar og námskeið fyrir aðra aldurshópa þegar fram í sækir.

Eftir því sem starfsemi Vestra eflist fjölgar beiðnum um nýjar íþróttagreinar innan félagsins. Höfum við

almennt verið jákvæð fyrir því að stækka félagið en það er alltaf aðalfundur sem tekur ákvörðun um stofnun nýrrar deildar. Nokkrar íþróttagreinar banka á dyrnar að þessu sinni og verður lögð fram tillaga um stofnun nýrrar deildar hér á eftir, aksturíþróttadeild. Rafíþróttir eru einnig ný grein innan Vestra og fellur sú starfsemi undir almenningsíþróttadeildina enn sem komið er.

Gerð er grein fyrir starfi deilda í ársskýrslum þeirra fyrir árið 2025 aftar í þessari samantekt.

REKSTUR OG FJÁRHAGUR

Heilt yfir er fjárhagur félagsins nokkuð góður þrátt fyrir 18 m.kr. tap árið 2025. Veltan er nálægt 350 m.kr., þar af eru laun- og verktakagreiðslur 200 m.kr. og ferðakostnaður 64 m.kr. Knattspyrnudeildin er langstærst með veltu upp á tæpar 300 m.kr. eða um 85% af heildarveltu félagsins. Að fjármagna rekstur íþróttafélaga er eilíf áskorun, það léttir róðurinn ef ástand efnahagsmála og atvinnulífs er gott en þyngir hann að sama skapi í niðursveifu. Blákaldur veruleikinn er sá að það eru fyrirtækin sem halda lífinu í íþróttafélögunum og ef vel gengur hjá þeim, þá njóta félögin góðs af því.



Rekstrarreikningur aðalstjórnar er að þessu sinni réttu megin við núllið eftir nokkur ár í mínus. Skýringin er því miður ekki auknar tekjur heldur hefur sú breyting orðið að bókhaldskostnaður færist nú á deildirnar sjálfar. Til að bregðast við mikilli hækkun bókhaldskostnaðar var keyptur aðgangur að DK-bókhaldskerfinu og gjaldkerar deilda færa nú sjálfir bókhald. Ef kaupa þarf vinnu vegna bókhalds þá greiðist það af viðkomandi deild.

Ekki er hægt að tala um fjárhag og rekstur félagsins án þess að nefna ríkisskattstjóra og skattamál íþróttafélaga. Síðasta haust barst erindi frá ríkisskattstjóra þar sem ítrekuð var skylda íþróttafélaga til að standa skil á staðgreiðslu og tryggingagjaldi til íþróttamanna og þjálfara. Ennfremur var óskað eftir upplýsingum um greiðslur og hlunnindi íþróttamanna og þjálfara hjá félögum sem eiga lið í efstu deildum tiltekinna boltaíþróttar. Olli þetta nokkrum óróleika innan íþróttahreyfingarinnar og var í kjölfarið var skipaður starfshópur til að vinna greiningu á helstu reglum sem gilda um skattaleg réttindi og skyldur þeirra aðila sem hafa með höndum íþróttastarfsemi á Íslandi. Miðað var við að hópurinn skilaði af sér greiningu og eftir atvikum tillögum eigi síðar en 30. apríl 2026. Binda menn

vonir við niðurstöðu sem tryggir að íþróttahreyfingin búi við skýra, einfalda og sanngjarna skattlagningu.

ÝMIS VERKEFNI


Special Olympics-verkefni körfuknattleiksdeildarinnar fór af stað í síðasta starfsári og með góðum stuðningi var hægt að halda því áfram síðasta haust. Um er að ræða körfuboltaæfingar fyrir börn á aldrinum 6–16 ára og eru æfingarnar liður í verkefninu *Allir með*, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF (Íþróttasamband fatlaðra). Þar er horft til barna sem t.d. þurfa meiri stuðning, hentar betur að vera í minni hópum og hafa aðgengi að fleiri þjálfurum á æfingum. Körfuknattleiksdeildin fékk styrk úr Hvatasjóði til þess að fjármagna verkefnið auk þess sem Kvenfélagið Hvöt styrkti verkefnið og gerðist hollvinur þess. Mikill vilji er fyrir því að halda áfram með æfingar fyrir þennan hóp og vonandi munu fleiri deildir koma að því í framtíðinni.

Hreyfing & fjör er verkefni sem félagið fór af stað með í vetur og er ætlað krökkum í 5. til 10. bekk. Verkefnið, sem er styrkt af íþróttasjóð Rannís og Hvatasjóði UMFÍ, miðar að því að skapa vettvang fyrir börn sem ekki finna sig í hefðbundnu



íþróttastarfi og börn sem vilja iðka íþróttir á eigin forsendum án áherslu á keppni eða afreksmiðaðra þjálfun. Lögð er áhersla á fjölbreytta hreyfingu, leikgleði, félagslega þátttöku og jákvæða upplifun af íþróttum. Á æfingum er einnig unnið með gildi Vestra sem eru virðing, metnaður og gleði og börn frædd um mikilvægi félagslegrar samveru, þátttöku í hópefli og grunnstoðum almennrar lýðheilsu. Þjálfari er Árni Heiðar Ívarsson og eru æfingarnar gjaldfrjálstar.

Vestralagið. Í tilefni þess að íþróttafélagið Vestri fagnaði 10 ára afmæli 16. janúar var farið í útgáfu á sérstöku Vestralagi. Einvalalið tónlistarmanna kom að gerð lagsins og má þar fyrst nefna Þormóð Eiríksson sem samdi lagið ásamt Ásgeiri Kristjáni Karlssyni og unnu þeir saman að hljóðblöndun, útsetningu og pródúseringu. Kristján Sturla Bjarnason lagði þeim lið með lúðra, trombone og horn. Flytjandi lagsins er Elvar Orri Palash Arnarsson sem einnig samdi lagatexta ásamt Ásgeiri Kristjáni. Gunnar Dagur hannaði kápu fyrir lagið sem hefur verið aðgengilegt á Spotify frá því í febrúar og er núna komið í um 10.300 spilanir. Ýmis fyrirtæki og einstaklingar styrktu þetta verkefni og fá kærar þakkir fyrir stuðninginn.



SAMSTARF VIÐ SVEITARFÉLÖG

Eðli málsins samkvæmt þurfa íþróttafélög að hafa alls konar samskipti við sveitarfélög á sínu starfssvæði. Það er allra hagur að þau samskipti séu góð og vill íþróttafélagið Vestri færa Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurbætur þakkir fyrir gott samstarf og velvild í garð félagsins.

Samráðsfundir. Árið 2024 tók Ísafjarðarbær upp þá nýbreytni að halda samráðsfundi íþróttahreyfingarinnar og sveitarfélagsins. Markmið þessara funda var að auka gagnsæi og stytta boðleiðir í stjórnsýslunni jafnframt því að vera vettvangur þar sem íþróttafélögin geta komið sínum málum á framfæri. Í ársskýrslu síðasta árs kom fram

átta fundir höfðu verið haldnir og ánægja með þetta fyrirkomulag sem þótti almennt skila bættum samskiptum og samstarfi við íþróttafélögin. Því miður hefur ekki orðið framhald á þessum fundum og hvetur aðalstjórn Vestra forsvarsmenn íþróttamála hjá sveitarfélaginu til að taka upp þráðinn að nýju þar sem samtalið er grundvallaratriði í uppbyggingu íþróttastarfs á svæðinu.

Frístundastyrkur. Vestri lýsir ánægju með þá ákvörðun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að breyta reglum um frístundastyrki þannig að aldursviðmiðið breyttist úr 5.-10. bekk grunnskóla í 1.-10. bekk grunnskóla. Ennfremur að hækka heildarfjárhæð frístundastyrkja úr 10 m.kr. í 15 m.kr. Eru þetta mikilvæg skref í þá átt að styðja börn til þátttöku í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag og frekari skref í þá átt væri að hækka aldursviðmiðið þannig öll börn á aldrinum 6-18 ára ættu rétt á frístundastyrk. Frístundarútan gegnir sömuleiðis lykilhlutverki hvað varðar þátttöku barna í skipulögðu íþróttastarfi.

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um það innan íþróttahreyfingarinnar hvernig auka megi þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Tvö atriði vega þungt, annars vegar kostnaður og hins vegar aðgengi að upplýsingum. Fyrir þennan hóp og barnafjölskyldur almennt skiptir frístundastyrkurinn miklu máli. Fyrir þennan hóp skiptir líka máli að vita af þessum stuðningi og geta sótt sér upplýsingar um starfsemi íþróttafélaga á einfaldan hátt. Við, Vestrafólk, berum mikla ábyrgð gagnvart þessum hópi. Það á að vera markmið okkar að upplýsingar um starfsemi félagsins og þá þjónustu sem börnum og ungmennum stendur til boða séu aðgengilegar öllum. Samfélagsmiðlar eru ágæt leið til að miðla upplýsingum en vefsíða félagsins er sá staður þar sem fólk leitar eftir t.d. æfingatöflum og upplýsingum um æfingagjöld. Þar þurfum við að vanda okkur og gæta þess að upplýsingar séu réttar og uppfærðar reglulega.

Ferðakostnaður. Aðalstjórn lýsir yfir ánægju með bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar nú nýverið þar sem tekið er undir áskorun Knattspyrnusambands Íslands á yfirvöld íþróttamála, sveitarfélög, ÍSÍ og UMFÍ um að taka höndum saman um markvissar aðgerðir til að jafna augljósan aðstöðumun íþróttafólks á landsbyggðinni með því að mæta þeim ferðakostnaði sem íþróttafélög og foreldrar á landsbyggðinni glíma við. Bæjarstjórn segir í bókun sinni að um kerfislægt misrétti sé að

ræða sem sé óásættanlegt enda sé íþróttaiðkun barna ekki munaður heldur grundvallarþáttur í lýðheilsu, félagslegri þátttöku og uppbyggingu samfélaga. Þegar fjölskyldur standa frammi fyrir milljónakostnaði vegna þátttöku barna sinna er ljóst að jafnræði er ekki til staðar og ekki sé ásættanlegt að búseta barna á Íslandi ráði því hvort þau geti tekið þátt í íþróttum.

Hár ferðakostnaður hefur lengi verið áhyggjuefni þeirra sem reka íþróttafélög á landsbyggðinni og verður sífellt þyngrliður í rekstrinum. Ferðakostnaður Vestra árið 2025 er 64,2 m.kr, ferðastyrkir eru 9,7 m.kr. Í Ferðasjóði íþróttafélaga fyrir árið 2025 voru 123,9 m.kr. en styrkhæfar umsóknir námu 694,6 m.kr. Það má áréttta að umsækjendur skrá einungis beinan ferðakostnað, ekki gistingu sem kostar sitt. Miðað við þessar tölur eru íþróttafélögin að fá styrk fyrir um 18% af ferðakostnaði, fjáraflanir þarf til að dekkja mismuninn sem er í raun er mun meiri þegar kostnaður við gistingu er tekinn með í reikninginn. Þrátt fyrir fjáraflanir þá er það staðreynd að foreldrar sitja uppi með talsverðan kostnað vegna þátttöku barna sinna í keppnisferðum. Það geta ekki allir foreldrar staðið undir slíkum útgjöldum þannig að það geta ekki *Allir verið með*, sem er í hrópandi andstöðu við allar opinberar stefnur í íþróttastarfi á Íslandi. Austfirðingar hafa komið fram með hugmynd um Loftbrú fyrir íþróttafélög og settu það m.a. sem markmið í Sóknaráætlun Austurlands 2025-2029 að íþróttafélög og skipuleggjendur listviðburða geti nýtt Loftbrú til að lækka kostnað við keppnisferðir og viðburðahald. Austfirðingar búa við talvert betri flugþjónustu en Vestfirðingar, þar eru 2-4 ferðir daglega þannig að eðlilega vilja Austfirðingar nýta þann ferðamáta eins og kostur er. Árið 2025 fóru 90 þús. farþegar um Egilstaðaflugvöll en 28 þús. um Ísafjarðarflugvöll. Flugíð hér fyrir vestan er of strjált og óáreiðanlegt til að vera valkostur þannig að við, og stór hluti íþróttaliða á landsbyggðinni, sitjum uppi með landleiðina og tímaflek ferðalög. Við þurfum gott og öruggt vegakerfi og við þurfum niðurgreiðslu á aksturskostnaði og gistikostnaði. Við þurfum landbrú frekar en loftbrú. Einfaldast er að hækka framlag ríkisins í Ferðasjóðinn og gera gistikostnað styrkhæfan. Hvað sem verður, þá er ljóst að eitthvað þarf að gerast ef íþróttastarf á landsbyggðinni á að þrífast.

ÍÞRÓTTAMANNVIRKI

Vorið 2025 var byrjað á smíði 69 m² viðbyggingar ofan á suðurenda áhorendastúkunnar og þó svo að



talsverð vinna sé eftir enn þá hefur hún verið í notkun frá síðasta sumri. Þarna verður veitingasala ásamt betri stofu og fullkláruð verður þessi nýja aðstaða mikil breyting til hins betra fyrir knattspyrnudeildina. Þá hafa verið ýmsar framkvæmdir í Vallarhúsinu sem miða að því að bæta aðstöðuna þar, einkum á efri hæð hússins þar sem knattspyrnudeildin hefur lagt mikla vinnu í að útbúa almennilega félagsaðstöðu og vinnurými. Uppsetning á eldhúsi og salerni er langt komin, framkvæmd sem lengi hefur verið beðið eftir. Á þessu ári er gert ráð fyrir lýsingu og hita á Kerecis-völlinn sem þýðir að hægt verður að nýta hann meira.

Umfjöllun um íþróttamannvirki, uppbyggingu og viðhald er fastur liður í ársskýrslu félagsins og þrátt fyrir að þessi mál þökist í rétta átt þá stöndum við frammi fyrir verkefnum sem eru áskoranir fyrir bæði íþróttahreyfinguna og sveitarfélagið sökum

stærðar og kostnaðar. Mikilvægi uppbyggingar hefur hins vegar aldrei verið meiri og þörfin knýjandi í vaxandi samfélagi þar sem íbúar gera kröfur um sömu þjónustu og íbúar annarra sveitarfélaga njóta. Íþróttahúsið á Torfnesi er löngu sprungið og annar engan veginn eftirspurn íþróttafélaga eftir tímum. Hefur þetta ástand leitt til kergju í samskiptum annars vegar íþróttafélaga og bæjaryfirvalda og hins vegar innan íþróttafélaganna sjálfra. Með áframhaldandi fjölgun íbúa á svæðinu mun staðan aðeins versna ef ekkert verður að gert. Við höfum oftast en einu sinni talað um að vera samkeppnishæf þegar kemur að vali á búsetu og þar er öflugt íþrótt- og tómstundastarf lykilatriði. Skipulagsmál Torfnessvæðisins, eða frekar óskipulagsmál Torfnessvæðisins, hafa þvælst fyrir okkur of lengi. Rætt hefur verið um yfirbyggt knattús frá a.m.k. 2013 og samhliða nauðsyn þess að klára skipulag fyrir Torfnessvæðið. Hvernig má það vera að öllum



Þessum árum seinna erum við enn á sama stað, sem sagt engum stað, þegar allir vita hvað þarf? Það verður engin uppbygging á Torfnesi fyrr en skipulag fyrir svæðið hefur verið afgreitt. Komum okkur út út þessari þoku og klárum málið. Leiðarljósið er öll íþróttastaða á sama svæði, þannig nýtast mannvirki og starfsfólk best, þannig tryggjum við auðvelt aðgengi að íþróttastarfi. Allt sem við þurfum kemst fyrir á Torfnesi og ef við þurfum meira þá búum við til land, við erum vön því. Innan sveitarfélagsins er skilningur á mikilvægi þess að bjóða upp á góða aðstöðu og vilji til að gera betur. Uppbygging íþróttamannvirkja er sannarlega áskorun en nú þarf að panta steypubílinn og halda áfram þar sem frá var horfið árið 1993 þegar íþróttahúsið á Torfnesi var vígt.

AÐ LOKUM

Þegar Vestri fagnaði 10 ára afmæli þann 16. janúar sl. var ákveðnum áfanga náð, við stöldruðum við um stund og horfðum yfir farinn veg, en síðan einfaldlega áfram gakk því ferðlagið er rétt að byrja. Á fyrstu starfsárum félagsins var Hjaltal Karlssyni formanni tamt að tala um fyrstu skref Vestra og barnsskóna sem átti eftir að slíta. Í lok annars starfsárs félagsins sagði hann í ársskýrslu stjórnar:

„Ef notuð væri samlíking við kornabörn, ætti félagið á árinu að hafa lært að ganga nokkuð styrkum fótum og eflaust sæmist í nokkrar tennur. Samlíkingin er kannski ekki svo vitlaus, því ný íþróttafélög þurfa að þroskast og læra nýja síði rétt eins og barnið.“

Vestri er engin smákrakki lengur, okkur hefur tekist að búa til öflugt íþróttafélag og þurfum að standa undir væntingum sem samfélagið gerir til félagsins og kröfum um fagmennsku. Við, sjálfboðaliðarnir, erum ekki að „dunda“ okkur við að reka íþróttafélag, síður en svo. Þetta er mikil vinna sem krefst tíma, atorku, þrautseigju og metnaðar. Ekkert gerist af sjálfu sér og sá sem ekki stígur fram, skilur ekki eftir sig spor.

Þetta er það sem er í Vestraveldinu.

Ég færi stjórnarfólki innan raða íþróttafélagsins Vestra þakkir fyrir gott samstarf á liðnu starfsári sem og öllum öðrum sjálfboðaliðum sem starfa í þágu félagsins. Styrktaraðilar og stuðningsmenn Vestra fá miklar þakkir fyrir að styðja við og standa með félaginu í blíðu og stríðu

Áfram Vestri!

Fyrir hönd aðalstjórnar Íþróttafélagsins Vestra
Guðfinna Hreiðarsdóttir, formaður

HJÓLREIÐAÐEILD VESTRA



Skýrsla stjórnar hjólreiðadeildar Vestra fyrir árið 2025

Stjórn deildarinnar var skipuð eftirtöldum: Viðar Kristinsson, formaður, Atli Dór Jakobsson, ritari og Edda María Hagalín, gjaldkeri. Varamenn voru Nanný Arna Guðmundsdóttir og Ívar Már Svanbergsson.

Starfsárið 2025 var öflugt og árangursríkt hjá Hjólreiðadeild Vestra. Mikil virkni var í æfingum, góð þátttaka í mótum og glæsilegur árangur iðkenda. Samheldni hópsins og öflug foreldrasamvinna einkenndu starfið allt árið.

ÆFINGAR OG STARFSEMI

Æfingar hófust í maí 2025. Iðkendur voru 3–4 í eldri hópi og 7–8 í yngri hópi yfir sumarið. Þjálfari deildarinnar var Þorgils Óttarr Erlingsson. Æfingar voru haldnar einu sinni í viku, auk lengri helgaræfinga aðra hverja viku. Áhersla var lögð á tæknilega færni, úthald, öryggi og gleði í hjólreiðum. Mikilvægt var að byggja upp sjálfstraust og liðsheild innan hópsins.

KEPPNISÞÁTTTAKA OG ÁRANGUR

Enduro Akureyri

- Adrían Uni Þorgilsson – U11
- Dagur Ingason – U13
- Ísar Logi Ágústsson – U17
- Sara Matthildur Ívarsdóttir – U13
- Aron Ýmir Ívarsson – U17

Foreldrar fylgdu hópnum og studdu vel við bakið á keppendum. Ferðin var bæði lærdómsrík og skemmtileg og skapaði sterka liðsheild.

Ungdúró HFR

- Julian Númi Bechtloff Heiðarsson – U11
- Dagur Ingason – U13
- Ísar Logi Ágústsson – U17
- Aron Ýmir Ívarsson – U17

- Sara Matthildur Ívarsdóttir – U13
- Zuzanna Majewska – U17

Mikil stemning var í hópnum og dýrmæt reynsla fékkst fyrir áframhaldandi keppni.

Enduro Ísafjörðu

- Adrían Uni Þorgilsson – U11
- Julian Númi Bechtloff Heiðarsson – U11
- Dagur Ingason – U13
- Aron Ýmir Ívarsson – U17
- Daniel Logi Ævarsson – U17
- Ísar Logi Ágústsson – U17
- Kamil Rafal Fortuna – U17
- Sara Matthildur Ívarsdóttir – U13
- Zuzanna Majewska – U17

Mótið á heimavelli var sérstaklega ánægjulegt og sýndi styrk deildarinnar bæði í keppni og skipulagi.





SÉRSTAKUR ÁRANGUR OG VIÐURKENNINGAR

Ísar Logi Ágústsson og Sara Matthildur Ívarsdóttir tóku þátt í öllum bikarmótum í sínum aldursflokki, stóðu sig framúrskarandi vel og urðu bikarmeistarar. Þau voru bæði tilnefnd sem hjólreiðafólk ársins hjá HRÍ og jafnframt tilnefnd sem íþróttafólk ársins hjá Ísafjarðarbæ. Adrían tók þátt í Nordic Open BMX í Danmörku í ágúst 2025 og öðlaðist þar mikilvæga alþjóðlega reynslu. Einnig tók hann þátt í fjallabruni (Downhill) móti hjá HFA og hafnaði þar í 2. sæti.

MÓTAHALD Á ÍSAFIRÐI

Helgina 8.-9. ágúst stóð deildin fyrir Enduro/ Ungdúró Ísafjörður. Mótið tókst vel og var góð þátttaka. Slík mót eru mikilvæg fyrir uppbyggingu greinarinnar á svæðinu og styrkja stöðu Vestra innan hjólreiða samfélagsins.



AFREKSBÚÐIR HRÍ

Dagana 5.-7. september voru haldnar Afreksbúðir HRÍ á Ísafirði. Conor Campbell, landsliðsþjálfari Íslands, kom til landsins til að stýra æfingum og Þorgils var aðstoðarþjálfari. Er markmiðið búðanna að bjóða öllum ungum hjólurum á landinu að koma saman og æfa undir leiðsögn Conors. Conor kom einnig til að sjá þá ungu hjólara sem eru að taka sín fyrstu skref í sportinu. Það var markmið Vestra að fá að halda þessar búðir til að kynna HRÍ og Conor fyrir aðstæðum, leiðum og þeim innviðum sem við höfum verið að byggja upp á svæðinu síðustu ár. Þátttakendur mættu á föstudegi og um helgina voru stífar æfingar frá morgni til kvölds. Æft var í grenjandi rigningu, sleipri mold og alvöru drullu alla helgina – eins og alvöru vestfirsk hjólreiðahelgi á að vera. Það reyndist bæði hressandi, krefjandi og afar lærdómsríkt fyrir iðkendurnar. Búðirnar voru einnig dýrmæt reynsla fyrir Þorgils sem aðstoðarþjálfara, að vinna náið með landsliðsþjálfara Íslands og fá innsýn í áherslur, uppbyggingu og vinnubrögð á hæsta stigi.

UPPBYGGING HJÓLASVÆÐIS OG FRAMTÍÐARSÝN

Á árinu var unnið að uppfærslu á nokkrum leiðum og bætt við nýjum stökkpöllum og tréverki í fjallahjólaleiðir. Einnig voru unnar hugmyndir að nýrri fjallabrunnsleið með það að markmiði að gera hana keppnishæfa á næstu árum. Deildin horfir bjartsýn til áframhaldandi vaxtar og uppbyggingar.



LOKAORÐ OG ÞAKKIR

Starf Hjólreiðadeildar Vestra byggir á samvinnu, eldmóði og sjálfboðavinnu. Við viljum þakka öllum iðkendum fyrir dugnað, metnað og hugrekki í því hjólaferðalagi sem þau eru á – í sól, rigningu og drullu.

Sérstakar þakkir færum við foreldrum fyrir ómetanlegan stuðning, akstur, aðstoð við mótahald og afreksbúðir og fyrir að standa alltaf þétt við bakið á hópnum.

Einnig viljum við þakka styrktaraðilum deildarinnar fyrir þeirra framlag og stuðning. Án þessa öfluga baklands væri starfið ekki mögulegt.

Breytingar verða nú á stjórn deildarinnar og færri ég fráfarandi stjórnarmönnum innilegar þakkir fyrir þeirra mikilvæga starf, tíma og elju í þágu félagsins. Jafnframt tökum við spennt á móti nýju fólki í stjórn og hlökkum til uppbyggjandi og skemmtilegra tíma sem framundan eru.

Við horfum bjartsýn til framtíðar – og munum aldrei hætta að hjóla.

Fyrir hönd stjórnar hrd. Vestra

Viðar Kristinsson, formaður

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD VESTRA



Starfsemi stjórnar

Á síðasta aðalfundi Kkd. Vestra voru eftirtalin kjörin í stjórn: Neil Shiran Þórisson var kjörinn formaður, Martha Pálmadóttir var kjörinn gjaldkeri, Jakob Tryggvason var kjörinn ritari, varamenn í stjórn voru Baldur Jónasson og Heiðrún Tryggvadóttir.

Þórir Guðmundsson hafði verið yfir barna- og unglingaráði og gaf kost á sér áfram. Þórir baðst lausnar undan verkefninu á árinu og við formennsku tók Heiðrún Tryggvadóttir. Barna- og unglingaráð hefur staðið sig með stakri þrýði en byggist á mikilli sjálfboðavinnu fárra aðila. Áfram er það áhyggjuefni að sjálfboðaliðum fer fækkandi samhliða auknum og sívaxandi kröfum í félagsstarfinu.



Mál voru unnin fyrst og fremst í gegnum samfélagsmiðla og tölvupósta líkt og undanfarin ár. Stjórn skipulagði fjáraflanir og hélt utan um rekstur meistaraflokks karla og nýjan meistaraflokk kvenna auk samþættingu elstu yngri iðkenda og meistaraflokks karla. Breytingar voru gerðar varðandi verkefnis- og framkvæmdastjórn og ljóst að ekki væri unnt að greiða sérstaklega fyrir þau störf.

Félagsstarf eins og rekstur Kkd. Vestra er í sjálfu sér ekki sjálfbær og reiðir sig alfarið á styrktar- tekjur til að halda úti metnaðarfullu starfi. Bakhjarlar KKD Vestra eru lykilfyrirtæki á svæðinu og hafa þau verið dyggir stuðningsaðilar í fjölda ára. Sjá má helstu styrktaraðila getið í markaðsefni félagsins.

Nýstofnaður meistaraflokkur kvenna spilaði í 1. deild, fyrst undir stjórn Gwendolyn J. Chappell Muhammad og síðan Jonathan Paul Braeger. Meistaraflokkur karla spilaði í 2. deild undir stjórn Birgis Arnar Birgissonar. Það hefur verið ánægjulegt að sjá 100–200 manns, jafnvel í miðri viku, koma til að horfa á meistaraflokksleiki félagsins. Á útileikjum hafa brottfluttir Ísfirðingar og fyrrum leikmenn fjölmennt. Það hefur því ríkt góður andi á leikjum félagsins. Mæting á leiki yngri flokka félagsins hefur sömuleiðis verið góð.

Stefna félagsins var að byggja áfram á uppöldum einstaklingum en auk þess hafa þjálfarafélagsins verið liðtækir og einnig verið leikmenn meistaraflokkanna.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá elstu iðkendur úr barna- og unglingastarfi félagsins þroskast sem íþróttamenn og einstaklingar og er það von stjórnar að þátttaka í félagsstarfinu sé gott veganesti fyrir þessa einstaklinga í framtíðinni.

Öllum sjálfboðaliðum og félagsmönnum er þakkað fyrir ósérhlífni störf fyrir félagið.

Áfram Vestri !

Neil Shiran Þórisson

Yngri flokkar kkd. Vestra

Stjórn Barna- og unglingaráðs kkd. Vestra (BUR) fyrir tímabilið 2024–2025 skipuðu Þórir Guðmundsson, formaður, Hanna Mjöll Ólafsdóttir, gjaldkeri, Heiðrún Tryggvadóttir, Halldór Karl Valsson, Guðrún Kristín Bjarnadóttir og Magdalena Margrét Sigurðardóttir meðstjórnendur. Á tímabilinu gengu Guðrún Kristín, Magdalena Margrét og Þórir úr stjórn og í þeirra stað komu Anna María Guðjónsdóttir, Stefán Pálsson og Sverrir Unnsteinsson. Við formennsku af Þóri Guðmundssyni tók Heiðrún Tryggvadóttir.

ÆFINGAHÓPAR YNGRI FLOKKA KKD. VESTRA

Eftirfarandi æfingahópar voru veturinn 2025–2026:

- Vestri körfubolti Special Olympics. (2010–2020), þjálfarar voru Hjálmar Helgi Jakobsson, Bríet María Ásgrímsdóttir, Dagný Emma Kristinsdóttir, Haukur Fjölhnisson, Jóhanna Wiktoria Harðardóttir og Sylvía Rán Magnúsdóttir.
- Krílakarfan (f. 2020), þjálfari voru Sylvía Rán

Magnúsdóttir og Rósa María Magnúsdóttir. Æft var einu sinni í viku.

- 1.–3. bekkur drengir (f. 2017–2019), þjálfari var Sigurður Gunnar Þorsteinsson og aðstoðarþjálfari var Haukur Fjölhnisson. Æft var tvisvar sinnum í viku.
- 1.–3. bekkur stúlkur (f. 2017–2019), þjálfarar voru Bríet María Ásgrímsdóttir og Jóhanna Wiktoria Harðardóttir. Æft var tvisvar sinnum í viku.
- Minnibolti drengir (f. 2014–2016), þjálfari var Reinis Vilks og aðstoðarþjálfari var Jón Gunnar Shiransson. Æft var fjórum sinnum í viku.
- Minnibolti stúlkur (f. 2014–2016), þjálfari var Hjálmar Helgi Jakobsson (áður Lee'sha Henry og Jonathan Paul Braeger) og aðstoðarþjálfari var Dagný Emma Kristinsdóttir. Æft var fjórum sinnum í viku.
- 8. flokkur drengja (f. 2012–2013), þjálfari var Hjálmar Helgi Jakobsson og aðstoðarþjálfari Árni Tero Árnason. Æft var fjórum sinnum í viku.
- 10. flokkur drengja (f. 2010–2011), þjálfari var Reinis Vilks og aðstoðarþjálfari Haukur Fjölhnisson. Æft var fjórum sinnum í viku.





→ **10. flokkur stúlkna** (f. 2010–2012), þjálfari var Birgir Örn Birgisson (áður Lee'sha Henry og Jonathan Paul Braeger). Æft var fjórum sinnum í viku.

Fimm lið tóku þátt í Íslandsmóti í vetur. Í elstu aldursflokkunum voru leiknir heimaleikir og útileikir gegn öllum liðum en í þeim yngri var keppt í fjölliðamótum. Í upphafi tímabilsins hélt kkd. Vestra stórt minniboltamót minnibolta 10 ára sem heppnaðist mjög vel.

Iðkendur í 1.–4. bekk tóku þátt í Nettó-mótinu í Reykjanesbæ í mars. Minniboltamót Vestfjarða fór fram á Patreksfirði í haust og á Ísafirði í vor og er mótið vonandi komið til að vera.

Í ár var áfram unnið með Special Olympics-hóp innan körfuknattleiksdeildarinnar. Þátttaka í hópnum var nokkuð rokkandi en það er von barna- og unglingaráðs að unnt verði að stækka og efla þetta starf enn meira á komandi árum. Formaður og gjaldkeri tóku þátt í öflugum málþingi um fötluð börn í íþróttum sem bar yfirskriftina **Allir með** og þar kom berlega í ljós að sóknartækifærin til að fjölga bæði fötluðum börnum í íþróttum og fjölga valmöguleikum í íþróttum fyrir fötluð börn eru mörg. Frá upphafi höfum við notið mikillar velvildar í garð Special Olympics-hópsins og má þar geta veglegs styrks frá Kvenfélaginu Hvöt í Hnifsdal á árinu til að fjármagna verkefnið. Með þeim styrk var hægt að bjóða upp á þessar æfingar áfram án endurgjalds.





Síðasta sumar voru síðan Körfuboltaþúðir Vestra í samstarfi við James Purchin haldnar og heppnuðust þær vel.

Þrír leikmenn Vestra voru tilnefndir í æfingahópa yngri landsliða Íslands: Vanda Stefánsdóttir í U15, Dagný Emma Kristinsdóttir í U18 og Haukur Fjölmisson í U18.

Dagný Emma Kristinsdóttir og Haukur Fjölmisson voru tilnefnd af Körfuknattleiksdeild Vestra sem efnilegustu íþróttamenn Ísafjarðarbæjar. Í því vali var Haukur valinn efnilegasti íþróttastrákurinn í Ísafjarðarbæ.

FJÁRAFLANIR OG STYRKIR

Barna- og unglingaráð rak sjoppu á heimaleikjum meistaraflokka og var engin breyting þar á í vetur. Farið var í sölu á kjöti, fiskmeti, jólasörum, kertum og blómum svo fátt eitt sé nefnt. Þessar fjáraflanir lukkuðust vel.

Að venju var kökubasar á skírdag og kaffihús í íþróttarhúsinu á Torfnesi í tengslum við páskaeggjamót Vestra. Allur ágóði af fjáröflunum fór í ferðasjóð iðkenda. Í ferðasjóðinn kom einnig árlegt framlag frá ferðasjóði ÍSÍ. BUR niðurgreiddi hverja ferð um 10.000 kr. á hvern iðkanda fyrir hverja ferð.



Ljóst er að ferðakostnaður fer hækkandi og hefur gert undanfarin ár. Við í barna- og unglíngaráði hvetjum stjórnvöld, ÍSÍ og Körfuknattleikssamband Íslands til að taka höndum saman og vinna með okkur í því að draga úr þeim kostnaði þannig að öll börn sem vilja geti æft og keppt í körfubolta óháð efnahag.

Styrktaraðilum og öðrum er hafa sýnt okkur velvild eru færðar þakkir fyrir allan þeirra stuðning.

AÐ LOKUM

Yfirstandandi körfuknattleikstímabil er nú senn á enda og hefur að mestu gengið vel. Ég vil þakka öllum þeim sem að starfinu koma og leggja af mörkum mikla vinnu í þágu yngri flokka kkd. Vestra. Sérstaklega vil ég þakka stjórn barna- og

unglíngaráðs fyrir þeirra framlag og sömuleiðis foreldrum fyrir gott samstarf.

Ljóst er að starfsemi barna- og unglíngastarfs kkd. Vestra byggist að miklu leyti upp á starfi sjálfboðaliða. Þeir mættu gjarnan vera fleiri og hvet ég fleiri til að bæstast í frábæran hóp sjálfboðaliða og taka þannig þátt í að halda uppi öfluggu starfi í deildinni. Við getum svo sannarlega fjölgað í sjálfboðaliðahópnum okkar og tókum vel á móti áhugasömum sjálfboðaliðum. Áfram Vestri!

Fyrir hönd stjórnar barna- og unglíngaráðs kkd. Vestra

Heiðrún Tryggvadóttir, formaður

KNATTSPYRNUDEILD VESTRA



Ársskýrsla meistaraflokks karla knattspyrnudeildar Vestra 2025

Í stjórn voru:


- Samúel Samúelsson formaður
- Daði Valgeir Jakobsson varaform.
- Ívar Pétursson gjaldkeri og framkvæmdastjóri
- Jón Hálfán Pétursson meðstjórnandi
- Sindri Snæfells Kristinsson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði 4x í mánuði yfir veturinn, alla þriðjudaga. En svo fjölgaði fundum í 4-6x í mánuði yfir sumarið. Félagið keppti í níunda sinn undir merkjum Vestra í keppni á vegum KSÍ, félagið lék í Bestu deild karla 2025.

Davíð Smári Lamude hélt áfram sem þjálfari liðsins, við starfi aðstoðarþjálfara tók Vignir Snær Stefánsson. Valdan Djogatovic hélt áfram sem markvarðarþjálfari. Ferran Corominas var ráðinn sjúkra- og styrktarþjálfari. Æfingar fóru fram á Ísafirði og Bolungarvík. Félagið tók þátt í Þungavigtarbikarnum í janúar og febrúar, Lengjubikarnum þar á eftir og undirbúning lauk svo með æfingarferð til Tenerife rétt fyrir mót.

UNDIRBÚNINGSTÍMABIL

Tímabil Vestra einkenndist enn af miklu aðstöðuleysi knattspyrnu á Vestfjörðum, þrátt fyrir nýtt glæsilegt gervigras sé komið á Kerecivöllinn. Liðið spilaði fyrsta leik í deild 6. apríl, sem var útileikur gegn Val. Eftir það fylgdi heimaleikur gegn FH 13. apríl. Sá leikur örugglega sá fyrsti sem leikinn er svo snemma í íslandsmóti á Ísafirði. Fljótlega fylgdi heimaleikur í bikarkeppni KSÍ gegn HK á föstudaginn langa. Margmenni var á leiknum og veðurguðirnir með okkur í liði þar sem völlurinn var leikfær þrátt fyrir mikinn snjó. Úr varð frábær skemmtun, þar sem leikurinn fór í vítaspyrnukeppni. Segja má að þessi leikur hafi sett tóninn hvað fyrri hluta sumarsins varðar.



BESTA DEILDIN

Liðið spilaði 22 leiki í Bestu deildinni fyrir skiptingu efri og neðri hluta. Vann 8 leiki, gerði 3 jafntefli og tapaði 11 leikjum. Liðið endaði í 9.sæti og rétt missti af sæti í efri hlutanum eftir að hafa lengi vel verið þar. Liðið byrjaði að hiksta í júlí mánuð eftir frábæra byrjun á móti. Toppnum var náð eftir bikarúrslit en eftir það varð Vestra liðið nánast bensínlaust í ágúst og fram í október.

Við skiptingu deildar gekk ekkert upp hjá Vestra. Farið var í nauðsynleg þjálfaraskipti til að reyna halda sæti liðsins í deildinni, Jón Þór Hauksson tók við liðinu og restin af þjálfarateyminu hélt áfram. Úr varð að Vestri féll í síðustu umferð. Þá í fyrsta skipti sem það datt í fallsæti.



BIKARKEPPNI KSÍ

Vestri hóf leik heima um páska og fékk HK í heimsókn. Úr varð frábær skemmtun og síðri viðburður þar sem mikill fjöldi sótti leikinn í frábæru veðri. Leikurinn bauð upp á allt og endaði með sigri Vestra í vítaspyrnukeppni.

Vestri mætti síðan íslandsmeisturum Breiðabliks í 16-liða úrslitum. Vestri vann frækinn 1-2 sigur á útivelli. Þór frá Akureyri kom í heimsókn í 8-liða úrslitum, Vestri vann 2-0.

Fram kom í heimsókn í undanúrslitum í byrjun júlí. Leikið var við stórkostlegar aðstæður, frábært veður og Vestri var með skemmtun fyrir börn fyrir leikinn. Troðið var á Kerecisvöllinum í leik sem bauð upp á ekkert mark og endaði í vítaspyrnukeppni. Vestri vann þá keppni og tryggði sér farseðillinn á Laugardalsvöll í úrslitaleik gegn Val.

Úrslitaleikurinn var á föstudeginum 22. ágúst. Vestrafólk hittist í félagsheimili Þróttar þar sem margt var um manninn og sannkölluð þjóðhátíðarstemming. Vestri vann úrslitaleikinn 1-0 og tryggði sér þar að leiðandi þátttökurétt í evrópukeppni árið 2026. Fyrsti stóri titill Vestra í boltaíþróttum.



Ársskýrsla meistaraflokks kvenna knattspyrnudeildar Vestra 2024

Í stjórn voru:

- Kristján Þór Kristjánsson formaður
- Atli Freyr Rúnarsson meðstjórnandi

Annað ár mfl.kvk hjá knattspyrnudeild Vestra gekk ágætlega. Veturinn fór mest í vinnu við að fjármagna deildina og gekk það að lokum en er þó rekstur alveg í járnnum og útséð að spíta þarf í lófana þar sem árið 2026 verður líklega dýrara miðað við allar kostnaðarhækkningar.

NÓVEMBER 2024 - FEBRÚAR 2025

Brenton Muhammad ráðinn yfirþjálfari mfl.kvenna. Æfingar fóru fram á Ísafirði, Bolungarvík og í stöðinni frá byrjun desember.

FEBRÚAR 2025 - APRÍL 2025

Liðið æfði að mestu úti á Torfnesi þar sem vetur var með ágætum. Liðið fór í æfingaferð til Spánar

í apríl. Aurélien Norest var um það leyti ráðinn aðstoðarþjálfari. Æfingaferðin gekk mjög vel og mikil gleði í hópnum. Atli Þór Jakobsson kom með sem sjúkraþjálfari og var einnig sjúkraþjálfari mest allt sumarið. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir frábært starf.

MAÍ 2025 - SEPTEMBER 2025

Liðið spilaði 17 leiki í 2. deild kvenna, vann 8 leiki, gerði 2 jafntefli og tapaði 7 leikjum. Liðið endaði eftir fyrstu umferð í 6. sæti í deildinni og fór því í b-úrslit þar sem liðinu gekk vel og endaði mótið í 5.-6. sæti. Það er töluvert betri árangur en fyrsta árið og liðið á góðu róli. Liðið var byggt upp á heimastelpum í bland við erlenda leikmenn til að styrkja liðið. Margar ungar stelpur fengu sínar fyrstu mínútur, þrjár stelpur úr 4. flokki og ein úr þriðja flokki. Liðið er á áætlun en ef áframhaldandi uppgangur er og okkar heimastelpur skila sér heim á sumrin er planið að fækka erlendum leikmönnum.





Leikmannahópur m.fl.kk Vestra 2024

- Agla Vigdís Atladóttir
- Agnes Þóra Snorradóttir
- Aníta Ólöf Smáradóttir
- Ásthildur Elma Stefánsdóttir
- Bríet Emma Freysdóttir
- Chloe Hennigan
- Dagmar Pálsdóttir
- Elma Katrín Steingrímsdóttir
- Elín Ólöf Sveinsdóttir
- Guðbjörg Ásta Andradóttir
- Guðríður Vala Atladóttir
- Íris Embla Stefánsdóttir
- Justine Christensen
- Katrín Bára Albertsdóttir
- Krístrún Halla Gylfadóttir
- Lára Ósk Albertsdóttir
- Mimi Eiden
- Oliva Rose McKnight
- Sigríður Króknes Torfadóttir
- Sigrún Betanía Kristjánsdóttir
- Solveig Amalía Atladóttir
- Svala Katrín Birkisdóttir
- Sæunn Lív Christophsdóttir
- Una Proppé Hjaltadóttir
- Unnur Hafdís Arnþórsdóttir

Ársskýrsla barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestra 2025

Í stjórn sátu Jón Hálfán Pétursson formaður, Sigurbjörg Hallgrímsdóttir gjaldkeri, Eydís Flosadóttir ritari, Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg, og Kristinn Ísak Arnarsson meðstjórnendur. Starfið gekk vel þetta árið og krakkarnir fóru á sín helstu sumarmót, Orkumót, TM mót, N1 mót, Króksmót og Íslandsmót.

Iðkendum okkar heldur áfram að fjölga og er mesta fjölgunin í yngstu flokkunum. Aukning hefur verið í yngstu stelpuflokkunum hjá okkur sem er virkilega ánægjulegt. En einnig hefur orðið algjör sprenging í 8. flokki. Við sjáum það enn að ef æfingar færast inn í íþróttahús vegna veðurs, þá minnkar ástundun á æfingar.

Við fögnum því að iðkendur haldi sig við það að stunda íþróttir, sama hvaða íþrótt það er en í leiðinni þykir okkur miður að geta ekki boðið upp á betri æfingaaðstæður yfir vetrartímann.

Aukin þátttaka í knattspyrnu helst í hendur við stórbætta aðstöðu á svæðinu, nýtt gervigras á æfingavöllinn sem lagt var haust 2023 og svo gervigras á aðalvöllinn byrjun sumars 2024. Það eitt og sér var gríðarlega mikilvægt. Við höldum enn í þann draum um að í framtíðinni verði byggt knattspyrnuhús, en það er það sem kemur til með að gera okkur kleift að æfa við samkeppnishæfar aðstæður yfir vetrartímann og í leiðinni losa um tíma í íþróttahúsunum og opna því þar fyrir aðrar íþróttagreinar að geta æft oftast þar.

Heiðar Birnir lét af störfum sem yfirþjálfari í ágúst 2025. Aaron Ankers frá Írlandi var ráðinn í stöðu yfirþjálfar og heldur utan um öll mál sem tengjast yngri flokkum Vestra. Við erum með góðan kjarna í ungum þjálfurum, sem hefur lagt sig fram um að sækja þjálfaranámskeið á vegum KSÍ. Einnig höfum við fengið inn til okkur þjálfara með mikla reynslu sem leikmenn eins og t.d. Vladimir Tufegdzic. Félagið hefur stutt vel við bakið á þjálfurum þegar



kemur að því að afla sér aukinnar menntunar í þjálfunarfræðum og vill leggja áherslu á að þjálfararnir okkar geti menntað sig áfram.

Fjárhagur barna og unglिंगastarfs hefur verið erfiður undanfarið ár. Erfiðlega hefur gengið að sækja aukið fjármagn til rekstursins. Þjálfarakostnaður hefur hækkað ár frá ári með hækkandi launum og aukinni þjónustu. Með bættri aðstöðu haustið 2023 tók stjórn yngri flokka Vestra og yfirþjálfari ákvörðun um að fjölga æfingum allra yngri flokka félagsins, og hefur félagið haldið sig við þessa fjölgun æfinga og auknu þjónustu. Þessi fjölgun hefur skilað sér með auknum áhuga iðkenda og fjölgun nýrra iðkenda. Og með þessari ákvörðun æfa allir yngri flokkar Vestra til jafns við jafnaldra sína annars staðar á landinu.



Stjórn barna og unglíngaráðs vill þakka öllum iðkendum, foreldrum, tengiliðum, þjálfurum, styrktaraðilum, sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum fyrir árið. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi og uppbyggingu grasrótarrinnar í knattspyrnu á svæðinu



Þjálfarar yngri flokka Vestra árið 2025:

- Heiðar Birnir Torleifsson
- Aaron Ankers
- Marcel Knop
- Kristinn Hallur Jónsson
- Vladimir Tufegdzic
- Vladan Djogatovic
- Brenton Muhammad
- Brandon Piel
- Unnur Hafdís Arnþórsdóttir
- Sigrún Betanía Kristjánsdóttir
- Solveig Amalía Atladóttir
- Chloe Hennigan

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar Vestra

Jón Hálfán Pétursson, formaður

BLAKDEILD VESTRA



Skýrsla stjórnar

Ágætu félagar.

Að öðrum árum ólöstuðum, þá verður ekki annað sagt um árið 2025 en að það var án vafa besta starfsár Blakdeildar Vestra til þessa. Ágætt starfsemi í yngri flokkum félagsins og hjá meistaraflokkunum og öldungaflokkum voru áskoranirnar með þeim allra stærstu. Þá var strandblak stundað af miklu kappi. Það er því vel við hæfi að halda í þann góða sið að segja síðasta ár hafa verið það besta í sögu deildarinnar til þessa.

IÐKENDUR

Starfsemi deildarinnar og iðkendafjöldi hefur verið mjög svipað undanfarin ár.

Í vetur hefur blakdeildin haldið úti æfingum á Ísafirði og í Bolungarvík en að auki voru kvennaliðin með eina æfingu á Suðureyri síðasta vetur. Íþróttafélagið Stefnir hefur haldið úti blakæfingum fyrir krakka á Suðureyri.

ÞJÁLFARAMÁL

Haustið 2020 tók Juan Escalona við sem aðalþjálfari Blakdeildar Vestra. Auk þess að þjálfra alla flokka í blaki er hann leikmaður í úrvalsdeildar-karlaliði Vestra og sannarlega betri en enginn.

Vorið 2025 var skrifað undir tveggja ára samning við Juan með endurskoðunarákvæði að ári liðnu. Gagnkvæmur áhugi er hjá stjórn og Juan að hann verði áfram hjá félaginu en árangur hans með félaginu er eftirtektarverður.

Síðasta vetur, 2024–2025, var einnig starfandi þjálfari hjá okkur og var sérstaklega að þjálfra kvennaliðið sem spilaði í 1. deild. Það var okkar ágæti leikmaður til fjölda ára, Spánverjinn Antonio Fernandez Ortiz.

MEISTARAFLOKKAR

Vestri hélt úti tveimur kvennaliðum veturinn 2024–2025. B-kvennalið Vestra keppti það tímabil í 4. deild, á Íslandsmóti kvenna. Eftir fyrstu tvö mót tímabilsins 2024–2025 var lið Vestra í efsta sæti deildarinnar með 20 stig en á lokamótinu, þar sem spilað var til úrslita í efri hluta deildarinnar, endaði liðið í 2. sæti, einu stigi á eftir toppliðinu. Svipað var svo uppi á teningnum á þessu tímabili. Þá var liðið komið upp um deild og var í næst efsta sæti eftir fyrstu tvö mótin og spilaði því til úrslita í efri hluta deildarinnar. Á lokamótinu, sem haldið var í mars, endaði liðið svo í 2. sæti í 3. deild eftir æsispennandi leiki.

Haustið 2024 hóf 1. deildar-kvennalið Vestra keppni á Íslandsmótinu þar sem keppnisfyrirkomulagið er með þeim hætti að leikir eru spilaðir heima og heiman. Skemmst er frá því að segja að árangur liðsins fór fram úr björtustu vonum og lauk liðið keppni sem deildarmeistarar vorið 2025. Hópurinn var hinsvegar ekki stór og því frekar viðkvæmur fyrir fækkun á leikmönnum. Því fór það svo að liðið spilaði aðeins þetta eina tímabil.

Síðustu ár höfum við verið með skráð B-lið í karlaflokki þar sem við höfum verið með mjög stóran hóp af ungum strákum. Það lið var skráð í 2. deild á síðasta tímabili og ætlað þeim strákum sem ekki fá mörg tækifæri með A-liðinu. Á síðasta tímabili endaði það lið í 7. sæti í deildarkeppninni. Á þessu tímabili var árangurinn svipaður, liðið sat í 6. sæti fyrir lokamótið en komst ekki á það vegna veðurs.

Vorið 2025 lauk karlaliðið sínu sjötta tímabil í úrvalsdeildinni í blaki. Í vetur eru 18 manns löglegir með liðinu, en af þeim hóp er byrjunarliðið 7–8 leikmenn. Á síðasta tímabil endaði Vestri í 5. sæti í deildinni. Árangur þessa tímabils sem er nýlokið hjá okkur var einnig 5. sæti.



ÖLDUNGAFLOKKAR

Öldungamótið vorið 2025, Stuðboltinn, var haldið í Mosfellsbæ í byrjun maí. Okkar fólk mætti að sjálfsgöðu þar og keppti undir okkar gamla merki, Skellur.

Konurnar spiluðu í 6. deild A og rúlluðu henni upp. Þær tóku gullið með stæl, unnu alla leiki og töpuðu aðeins einni hrinu. Karlarnir spiluðu hinsvegar í 2. deild og gerðu nánast það sama, tóku gullið með því að vinna alla leiki 2-0, nema þennan eina sem tapaðist í odd.

YNGRI FLOKKAR

Frá Vestra voru send lið á öll mót sem við náðum í lið og í einhverjum tilfellum voru stöku leikmenn lánaðir í önnur lið, til að fá spilatíma. Mót var einnig haldið hér í Torfnesi á Ísafirði helgina 16.-18. maí í U12 kk, U12 kvk og U14 kk, þar sem um 40 lið mættu til leiks.

Íslandsmót U16 var haldið á Húsavík helgina 9.-11. maí. Þangað sendum við stúlkulið auk þess sem einn strákur var lánaður frá okkur í lið Þróttar Nes.

Íslandsmót BLÍ að hausti fyrir U16, U14 og U12 var haldið á nokkrum stöðum í borginni helgina 14.-16. nóvember. Á það mót fóru tvö lið frá okkur, U16 kvk og U12 mix og skiluðu bæði lið sér heim aftur með silfur.

U20 kk tók þátt í haustmóti HK sem haldið var 26.-



28. september. Þá tóku þeir einnig þátt í Bikarmóti BLI sem haldið var 28.-30. nóvember og tóku þar bikarmeistaratitilinn.

Af þessari upptalningu má sjá að hér eru öflugir krakkar og nokkuð bjart yfir framtíðinni.

LANDSLIÐSMENN FÉLAGSINS

Eitthvað var um landsliðsverkefni á síðasta ári, hjá okkar fólk. Alls tóku 5 einstaklingar frá okkur þátt í landsliðsverkefnum á árinu 2025. Margrét Embla var valin í A-landslíðið sem keppti á smáþjóðaleikunum síðasta vor. Grétar Logi var í úrtaki fyrir U19 landsliðið í sumar en komst ekki í lokahóp. Sverrir Bjarki var valinn í A-landslíðshópinn sem spilaði á Smáþjóðaleikunum í júní á síðasta ári, en gaf ekki kost á sér vegna vinnu og kostnaðar. Það gerði hinsvegar Hafsteinn Már, sem spilaði þar sinn 35. A-landslíðsleik og er hann líklega landsleikjahæsti íbúi Ísafjarðarbæjar, í sögu bæjarfélagsins.

Þá var Þrymur Rafn Andersen valinn í U17 hóp sl. haust og spilaði á Smáþjóðaleikum Evrópu sem fram fór í janúar á þessu ári, en þar vann liðið til gullverðlauna. Ekki slæmt hjá nýliðanum Þrym að taka gullverðlaun í sínu fyrsta landsliðsverkefni.



FJÁRHAGUR OG FJÁRAFLANIR

Fjárhagur félagsins hefur í mörg ár verið nokkuð sveiflukennður. Nokkuð tap hefur verið á rekstrinum síðustu ár en hann var yfir núllinu á síðasta ári.

Ferðakostnaður keppnisliða er sífellt vaxandi viðfangsefni með fjölgun leikja í úrvalsdeild og fækkun á bílaleigum. Kostnaður vegna aðfluttra leikmanna var á síðasta ári alveg í lágmarki. Áfram er það eitt af mikilvægustu verkefnum að efla tekjustofna félagsins, en allar líkur eru á því að lottótekjur séu svotil liðin tíð.

Undanfarin ár hefur félagið fyrst og fremst tekið



að sér fjáraflanir sem útheimta vinnuafli (ekki sölufjáraflanir), fjöruhreinsun í Skutulsfirði, hreinsun á Eyrinni í Skutulsfirði og slátt í kirkjugarðinum í Hnífsdal.

Þá hefur mótahald á yngriflokkamótum verið félaginu drjúg tekjulind, þau ár sem það hefur verið í boði.

STRANDBLAK

Frá því að framkvæmdum lauk við strandblakvöllinn í Tungudal, hefur verið hægur stígandi í iðkun strandblaks í Skutulsfirði.

Á síðasta sumri voru táningarnir okkar nokkuð duglegir að stunda sandinn og mættu á allnokkur stigamót í Íslandsmótaröðinni.

LOKAORÐ

Ég verð að segja að það er áhyggjuefni að sanngirni og jafnræði í íþróttastarfi virðist eiga undir högg að sækja, ekki síst í boði sveitarfélagsins.

Úthlutun æfingatíma í íþróttahúsum síðustu tvö haust er að mínu mati einhver augljósustu dæmin sem finna má um óheiðarleika tengt íþróttastarfi hér um slóðir og er án vafa klárt brot á stjórnsýslulögum. Síðasta haust var verulega mikið hallað á blakið en hefði úthlutun verið sanngjörn og samkvæmt reglum



hefði blakið verið með um 30% fleiri æfingatíma. Og það er sérstaklega sárt til þess að hugsa að í þessu máli brugðust okkur bæði stjórn HSV og aðalstjórn Vestra, þegar við margreyndum að fá leiðréttingu því þessi úthlutun var ekkert annað en atлага að starfi Blakdeildar Vestra.

Þá aðeins um stuðning við afreksstarf. Hvernig getur það talist eðlilegt að krakkar í hópíþróttum héðan úr sveitarfélaginu, sem valdir eru í dýrar landsliðsferðir fái kannski 30–40 þúsund krónur upp í þann kostnað á sama tíma og aðilar sem stunda ónefndar einstaklingsíþróttir fá styrki sem telja má í milljónum árlega, óháð því hvort að viðkomandi séu íbúar sveitarfélagsins. Fyrir skemmstu var svo samþykkt í bæjarstjórn sérstök auka greiðsla til tveggja einstaklinga sem fóru á Vettrarólympíuleikana, upp á eina milljón á hvort. Hvorugur þessara einstaklinga eru íbúar í Ísafjarðarbæ.

Og svo er það íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Er ekki eitthvað skakkt við það að af síðustu 10 útnefningum, séu aðeins 3 á íbúa í sveitarfélaginu. Í flestum sambærilegum bæjarfélögum er það skilyrði fyrir tilnefningu að viðkomandi sé íbúi sveitarfélagsins.

Allt saman tekið, hvaða skilaboð eru þetta til okkar, okkar iðkenda og okkar starfs?

Ég vill þakka félagsmönnum fyrir stórkostlegt ár 2025. Þetta ár og þau næstu bjóða upp á spennandi áskoranir. Höfum það í huga að blak er íþrótt fyrir alla aldurshópa og virkar bæði fyrir afreksstarf, til eflingar lýðheilsu og allt þar á milli.

Við höfum haldið úti meistaraflokkum kvenna í næstum 20 ár, höfum staðið fyrir yngriflokkastarfi í jafn langan tíma og undanfarin 7 ár höfum við verið með lið í efstu deild í karlaflokki. Í gegnum okkar starf hafa komið í heildina 19 landsliðsmenn og þar af 6 manns sem hafa spilað, eða spila enn, með A-landsliðunum.

Veturinn 2024–2025 var blakdeildin með um 55% af iðkendum í meistaraflokkum, samkvæmt talningu í Torfnesi. Í okkar hópi eru margir efnilegir iðkendur og við höfum fulla ástæðu til að bera höfuðið hátt og krefjast þess að tekið sé tillit til okkar.

Áfram blak og áfram Vestri.

Sigurður Hreinsson

Formaður stjórnar Blakdeildar Vestra

GILDI OG STEFNUR VESTRA



GILDI VESTRA



Hlutverk Vestra

Hlutverk félagsins er að skapa umhverfi sem hvetur félagsmenn til að ná markmiðum sínum og skara fram úr í leik og starfi.

Stjórnendur og aðstandendur Vestra íþróttafélags eru þess meðvitaðir að jafnhliða keppni og sigrum, þá er íþróttastarf uppeldisstarf. Þar eru iðkendum kennd gildi félagsins og þau viðhorf sem samfélagið vill halda á lofti. Félagið hefur sett sér gildi sem endurspeglar það sem við viljum standa fyrir. Þau ungmenni sem eru í góðu líkamlegu formi, með sterka félagsfærni og gott hugarfar eru líkleg til að ná árangri í hverju sem þau taka sér fyrir hendur innan sem utan íþróttavallar.

VIRÐING


Við berum **virðingu** fyrir félagi okkar, iðkendum, samherjum og mótherjum.

GLEÐI

Við viljum leggja áherslu á að **gleði** endurspegli starf félagsins. Skemmtilegur félagsskapur og jákvæð hvatning eru lykilatriði í starfi Vestra.

METNAÐUR

Við höfum **metnað** fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Vestra að öflugum og heilbrigðu félagi. Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.





SIÐAREGLUR VESTRA



Hlutverk siðareglna (code of ethics) er að veita þeim sem koma að íþróttum almennar leiðbeiningar og vera þeim hvatning. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í félaginu og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal félagsmanna. Þær eru ekki tæmandi, heldur leiðbeinandi og hvetjandi. Aðhaldið felst í almennu viðhorfi til boðskapar reglnanna.

Foreldri/forráðamaður, hafðu ávallt hugfast að:

1. Barnið þitt er í íþróttum vegna eigin ánægju en ekki til að gleðja þig.
2. Hvetja barnið þitt til þátttöku í íþróttum, ekki þvinga það.
3. Hvetja barnið þitt til að fara eftir og virða reglur íþróttanna og að leysa deilur án fjandskapar eða ofbeldis.
4. Styðja og hvetja öll börn og ungmenni – ekki bara þín eigin.
5. Vera jákvæður, bæði þegar vel gengur og þegar illa gengur.
6. Gera aldrei grín að barni eða hrópa að því ef það gerir mistök.
7. Ekki reyna að hafa áhrif á störf þjálfara meðan á leik eða keppni stendur.
8. Líta á dómarrann sem leiðbeinanda barna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
9. Börn læra mest af því að framkvæma. Lærðu að meta góða frammistöðu allra barna í hópnum.
10. Læra að meta þátttöku sjálfboðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
11. Virða rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum.

Stjórnarmaður/starfsmaður:

1. Stattu vörð um anda og gildi félagsins og sjáðu um að hvort tveggja lifi áfram meðal félagsmanna
2. Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmalaskoðunum, lítarhætti og kynhneigð.
3. Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri.
4. Haltu félagsmönnum vel upplýstum og gerðu félagsmenn að þátttakendum í ákvarðanatöku eins og hægt er.
5. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi hegðun og framkomu, bæði innan félags og utan.
6. Taktu alvarlega þá ábyrgð sem þú hefur gagnvart félaginu og iðkendum.
7. Hafðu ávallt í huga að í félaginu er verið að byggja upp fólk.
8. Hafðu hagkvæmni og löghlýðni í heiðri við rekstur félagsins.
9. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/hópsíðum.
10. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda, sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
11. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni, eða vísa í eitthvað slíkt.
12. Notfærðu aldrei stöðu þína hjá félaginu til eigin framdráttar á kostnað félagsins.

Stuðningsmaður:

1. Mundu að mikilvægast er að hvetja þitt lið áfram og hrósa þegar vel er gert. Stuðningsmenn eiga að hvetja og hrósa.
2. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja, jafnt stuðningsmanna sem og leikmanna og þjálfara.
3. Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, svo sem ölvun og ólæti. Mundu að þú ert mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og slæm hegðun þín getur skaðað ímynd félagsins alls.
4. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og þjálfara liðsins.
5. Hlutverk stuðningsmanna er félaginu mjög mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins utan vallar sem innan.

Iðkandi (yngri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair Play) í íþróttum.
3. Taka þátt í íþróttum á eigin forsendum en ekki vegna þess að foreldrar þínir eða þjálfari vilja það.
4. Sýna öllum iðkendum virðingu, jafnt samherjum sem mótherjum.
5. Þræta ekki eða deila við dómarann.
6. Sýna öðrum virðingu og vera heiðarlegur og opinn gagnvart þjálfara og forystufólki félagsins, sem ber ábyrgð á þér við æfingar og keppni.
7. Forðast neikvætt tal eða niðurlægjandi köll um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða starfsmenn félagsins.
8. Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.
9. Vera ávallt stundvís á æfingar og keppnir.

Iðkandi (eldri) - Þú ættir að:

1. Gera alltaf þitt besta.
2. Sýna ávallt öðrum virðingu, jafnt í meðbyr sem mótbýr.
3. Virða alltaf reglur og venjur varðandi heiðarleika (Fair play) í íþróttum.
4. Hafa heilbrigði alltaf að leiðarljósi og forðast að taka áhættu varðandi heilsu þína.
5. Virða alltaf ákvarðanir dómara og annara starfsmanna leiksins.
6. Bera virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
7. Forðast neikvæð ummæli eða skammir.
8. Vera heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
9. Taka sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
10. Vera ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafa hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
11. Samþykka aldrei eða sýna ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
12. Forðast nán persónuleg samskipti við þjálfara þinn.
13. Neyta aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.

Þjálfari:

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á einstaklingsgrunni og á þeirra eigin forsendum.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Haltu á lofti heiðarleika (Fair Play) innan íþróttarinnar.
5. Viðurkenndu og sýndu virðingu þeim ákvörðunum sem dómara taka.
6. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
7. Vertu réttlátur, umhyggjusamur og heiðarlegur gagnvart iðkendum þínum.
8. Viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
9. Settu ávallt á oddinn heilsu og heilbrigði iðkenda þinna og varastu að setja þá í aðstöðu sem ógnað gæti heilbrigði þeirra.
10. Sýndu athygli og umhyggju þeim iðkendum sem orðið hafa fyrir meiðslum.
11. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
12. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
13. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
14. Beittu (iðkanda) aldrei kynferðislegu, líkamlegu eða andlegu áreiti.
15. Taktu aldrei að þér akstur iðkenda, hvorki á leiki né æfingar, nema með leyfi foreldra.
16. Sinnntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og Internetið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
17. Náið líkamlegt samband við iðkanda er ekki leyfilegt.
18. Ekki er æskilegt að vera vinur iðkanda sem er yngri en 18 ára á samfélagsmiðlum.
19. Öll samskipti við iðkanda á samfélagsmiðlum skulu fara fram í hópsamtölum/ hópsíðum. Hverskyns einstaklings samtöl milli iðkenda og þjálfara á samfélagsmiðlum eru ekki æskileg.
20. Aldrei eiga í samskiptum við iðkanda með kynferðislegum undirtóni eða vísa í eitthvað slíkt.
21. Ekki vera með niðrandi athugasemdir um iðkanda, svo sem um holdafar, kynþátt, kynhneigð, trúarskoðanir eða stjórnmálaskoðanir iðkanda.
22. Talaðu alltaf gegn notkun ólöglegra lyfja.
23. Talaðu ávallt gegn neyslu áfengis og tóbaks.
24. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynþætti, stjórnmálaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
25. Notfærðu þér aldrei aðstöðu þína sem þjálfari til að uppfylla eigin áhuga á kostnað iðkandans.
26. Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
27. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmyndar, bæði utan vallar og innan.



FORVARNAR- STEFNA

HSV



Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum á börnum og unglingum að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiði betur af í daglegu lífi, standi sig betur í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið leitast eftir að hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélög innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuþjafa sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Héraðssambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnastarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSí. Félög og deildir fræði börn og unglinga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.



FYRIRMYNDIR HJÁ VESTRA



Vestri leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðrir þeir sem starfa með félaginu séu iðkendum ávallt til fyrirmyndar.

Ég er fyrirmynd!

- Ég er stundvís. Ég gef mér tíma til að undirbúa æfingar, sækja bolta og önnur tæki fyrir iðkendur, ég kem upplýsingum til iðkenda og foreldra til skila á réttum tíma.
- Ég er Vestramaður, ég er klæddur Vestramerknum fatnaði á æfingum, mótum og öðrum upþákomum á vegum Vestra s.s. foreldrafundum.
- Ég kem fram af kurteisi við iðkendur, foreldra, mótherja og dómara á æfingum, í leikjum, á mótum og á fundum.
- Ég gæti orða minna og forðast niðrandi ummæli og ég gæti fordómaleysis í garð iðkenda, foreldra og mótherja.
- Ég tala ávallt tala vel um félagið og allar deildir þess en kem ábendingum um það sem betur má fara á framfæri til réttra aðila.
- Ef þjálfari verður var við einelti í garð iðkenda af hálfu annarra iðkenda, foreldra eða annarra þjálfara ber honum að skerast í leikinn og koma málinu til réttra aðila, barna og unglingaráðs deildarinnar eða íþróttafulltrúa
- Ég hrósa, hvet og efli einstaklinginn, og kenni iðkendum að taka mótlæti og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og með engum hætti brýt ég einstaklinginn niður og dreg úr sjálfstrausti hans.
- Þjálfari skal í samráði við deildir leitast við að kynna sér nýjungar í þjálfun og efla og styrkja sig sem þjálfara.
- Ég neyti aldrei, tóbaks, áfengis né annarra vímuefna á leikjum, í mótum eða þar sem barnungir iðkendur Vestra eru.
- Ég er ein sterkasta fyrirmynd sem ungir krakkar hafa. **Ég er til fyrirmyndar.**



JAFNRÉTTIS- STEFNA VESTRA



Dað er stefna íþróttafélagsins Vestra að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félaginu og fordómar, einelti og hvers kyns ójafnrétti innan félagsins er ekki liðið.

Allir einstaklingar innan Vestra skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði, kynþætti, kynhneigðar, aldurs, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðerni, litarhætti, uppruna, efnahag, fötlunar eða stöðu að öðru leyti. Félagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Til að stuðla að jafnrétti innan félagsins leggur Vestri áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi félagsins og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðinn.
- Að veita báðum kynjum jöfn tækifæri til æfinga. Ekki er gerður greinarmunur á drengja- og stúlknaflökkum við útteilingu æfingatíma og skulu bæði kyn njóta sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar.
- Að allir iðkendur eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum.
- Að gerðar séu sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflökka. Leitast sé eftir því að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu þjálfara og aðstoðarþjálfara hjá félaginu.
- Að þjálfarar njóti sömu launa, óháð kyni, fyrir sömu eða sambærileg störf.
- Að umfjöllun um bæði kynin og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara.
- Að þess sé gætt við skipan í stjórn, ráð og nefndir að hlutfall kynjanna sé sem jafnast.
- Mikilvægi þess að öllum líði vel í leik og starfi innan félagsins og sá grundvallarréttur að fá að vera óáreittur sé virtur. Einelti innan félagsins er ekki liðið en lögð áhersla á jákvæð samskipti þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem fordóma gagnvart öðrum (s.s. vegna kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, trúarbragða, þjóðernis eða efnahags), hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins.

Jafnréttisstefna íþróttafélagsins Vestra nær til iðkenda, þjálfara, stjórna og starfsfólks. Stefnan gildir í allri starfsemi félagsins. **Hún er endurskoðuð og lagfærð ef þurfa þykir.** Stjórn Vestra væntir þess að allir félagsmenn, ungir sem aldnir leggi sitt að mörkum til að jafnréttisstefna félagsins nái fram að ganga.

ÁRSREIKNINGUR VESTRA

**Íþróttafélagið
Vestri
2025**

Samanlagðir ársreikningar aðalstjórnar og deilda

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun skoðunarmanna	2
Skýrsla endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6

Skýrsla og undirritun stjórnar

Að álit stjórnar Íþróttafélagsins Vestra koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar er til að glöggva sig á fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarárangri ársins.

Ísafirði, 7. apríl 2026

Guðrún Sveinsson

Þórunn Þórunn
HÉBAÐISFRASSTARÖÐUR

Þóra M. Arnórsdóttir
Hlynur Þeysson

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir hafa farið yfir reikninga félagsins og kynnt sér innistæður á bankareikningum og stöðu lánaðrottna án athugasemda.

Ísafirði, 7. apríl 2026

Þórunn Þórunn
Asdís B. Patrol.
Sigrún Sigvaldsson

Skýrsla endurskoðanda

Til stjórnar Íþróttafélagsins Vestra.

Við höfum aðstoðað við gerð samstæðuársreiknings ársins 2025 fyrir Íþróttafélagið Vestra. Ársreikningurinn er saminn eftir ársreikningum aðalstjórnar og deilda félagsins og hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórn og stjórnendur Íþróttafélagsins Vestra við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Samkvæmt lögum er stjórn ábyrg fyrir gerð reikningsskilanna. Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn eða kannað hann og látum því ekki í ljós álit okkar á honum.

Ísafirði, 7. apríl 2026

Endurskoðun Vestfjarða ehf.



Bjarki Bjarnason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	2025	2024
Rekstrartekjur:		
Framlög og styrkir	251.580.532	198.226.306
Ferðastyrkir	9.680.243	6.422.006
Lottó og getraunir	4.357.289	2.436.832
Tekjur af mótum	11.120.659	5.971.297
Tekjur v/ æfingabúða o.fl.	2.229.592	3.030.857
Æfingagjöld	19.394.702	16.043.135
Fjárafánir	28.543.353	18.577.072
Aðrar tekjur	10.265.241	14.825.198
	337.171.611	265.532.703
Rekstrargjöld:		
Laun og verktakagreiðslur	199.527.398	158.317.594
Félagaskipti og sala leikmanna	5.617.228	(12.255.536)
Búningar, áhöld og tæki	11.882.740	8.256.491
Ferða- og uppihaldskostnaður	64.253.007	55.570.336
Þátttaka í mótum	14.976.103	12.823.170
Íbúðir og bílar	27.841.952	23.718.223
Rekstur skrifstofu	9.301.823	9.372.891
Kostnaður vegna fjárafána	9.907.673	2.489.808
Annar kostnaður	6.541.605	2.779.767
	349.849.529	261.072.744
Rekstrarhagnaður (tap) án fjáreignatekna og fjármagnsgjalda ...	(14.649.102)	4.459.959
Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur	1.922.888	2.460.006
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur	(1.066.895)	(893.234)
	855.993	1.566.772
Hagnaður (tap) ársins	(13.793.109)	6.026.731

Efnahagsreikningur

Eignir		Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Leikmenn			3.422.500	3.798.500
Fasteignir, bifreiðar og tæki			31.721.827	3.044.011
	Fastafjármunir		<u>35.144.327</u>	<u>6.842.511</u>
Veltufjármunir:				
Skammtimakröfur:				
Birgðir			524.000	524.000
Viðskiptakröfur			11.135.210	18.764.154
Handbært fé			30.434.409	40.410.997
	Veltufjármunir		<u>42.093.619</u>	<u>59.699.151</u>
	Eignir samtals		<u>77.237.946</u>	<u>66.541.662</u>

31. desember 2025

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé:			
Eigið fé í upphafi árs		43.922.210	41.213.774
Endurmat leikmanna		1.650.000	1.650.000
Afkoma ársins	(13.793.109)	6.026.731
		<u>31.779.101</u>	<u>48.890.505</u>
	Eigið fé		
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		10.084.123	8.186.903
Viðskiptaskuldir		1.866.982	4.909.879
Aðrar skammtímaskuldir		33.507.740	4.554.375
		<u>45.458.845</u>	<u>17.651.157</u>
	Skammtímaskuldir		
		<u>45.458.845</u>	<u>17.651.157</u>
	Skuldir samtals		
		<u>77.237.946</u>	<u>66.541.662</u>
	Skuldir og eigið fé samtals		

